

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

- 54. Nefnd Verkalýðsfélags Norðfirðinga og Vélstjórafélagsins Gerpis. Staðfest 16. marz 1968.
- 55. Nefnd Matsveinafélags S.S.Í., Félag matreiðslumanna og Félag framreiðslumanna. Staðfest 18. marz 1968.
- 56. Nefnd Sveinafélags pípulagningamanna. Staðfest 18. marz 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 18. marz 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

21. marz 1968.

Nr. 79.

REGLUGERÐ

um tækninefnd orkustofnunar.

1. gr.

Tækninefnd Orkustofnunar er skipuð af raforkumálaráðherra samkvæmt ákvæðum 4. gr. Orkulaga nr. 58/1967. Í henni eiga sæti 7 manns: Orkumálastjóri, tæknimenntaðir fulltrúar tilnefndir af Landsvirkjun, Sambandi íslenzkra rafveitna, Sambandi ísl. hitaveitna (eða Hitaveitu Reykjavíkur, ef sambandið hefur ekki verið stofnað), Rafmagnsveitum ríkisins og Rannsóknaráði ríkisins og hagfræðimenntaður fulltrúi Efnahagsstofnunarinnar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

2. gr.

Verkefni Tækninefndar er (1) að vera orkumálastjóra til ráðuneytis í tækni- legum og fjárhagslegum efnum (2) að stuðla að samvinnu í orkumálum þjóðarinnar milli allra aðila, sem þar eiga hluta að máli og (3) að efla samstarf um orkurannsóknir og vinna að samræmingu þeirra.

3. gr.

Orkumálastjóri leggur fyrir nefndina mál, sem hann leitar ráðuneytis hennar í. Einstakir nefndarmenn geta lagt fyrir nefndina hver þau atriði á sviði orkumála, sem að dómi þeirra er eigi sinnt sem skyldi eða þeir telja af öðrum orsökum þörf á að ræða sérstaklega. Tillögur sínar og ábendingar gerir nefndin til orkumálastjóra.